

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2017

Sal Þjóðminjasafnsins, kl. 13.30-16.00, 30. mars 2017

Ágætu gestir og samstarfsfólk.

Það er mér sönn ánægja að ávarpa ársfund Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Ég þakka ykkur öllum fyrir að koma, ekki síst þeim sem komið hafa langt að.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót upp úr síðustu aldamótum og fyrsta rannsóknasetrið hóf starfsemi á Höfn í Hornafirði í nóvember 2001. Við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands störfuðu á síðasta ári 35 starfsmenn í 21 stöðugildi við átta rannsóknasetur á tíu starfsstöðvum um landið. Á síðasta ári var opnað nýtt rannsóknasetur, **Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa**, sem tók til starfa með ráðningu verkefnisstjóra, Jóns Jónssonar þjóðfræðings, nú í haust. Rannsóknir í þjóðfræði verða þar í öndvegi með áherslu á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Óska ég nýju rannsóknasetri og starfsfólki þess góðs gengis við að koma setrinu á fót og er það ánægjuefni að innan Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sé nú setur á sviði félagsvísinda.

Þá er einnig mikil uppbygging framundan hjá **Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi**. Í vor verður ný starfsstöð rannsóknasetursins opnuð á Laugarvatni í kjölfar breytinga sem þar eru að verða með flutningi ípróttufræðinnar til Reykjavíkur. Það að setja rannsóknasetur að Laugarvatni á laggirnar er liður í því að tryggja áframhaldandi starfsemi Háskóla Íslands á staðnum og nýta þau tækifæri sem umhverfið, aðstaðan og mannauðurinn þar býður upp á. Meginviðfangsefni rannsóknasetursins verða rannsóknir á landnotkun og líffræðilegri fjölbreytni.

Rannsóknaviðfangsefni rannsóknasetranna eru nú orðin afar fjölbreytt og spanna allt frá lífríki hafsins, umhverfi og landnýtingu, hvöllum, fiskum og

fuglum, ferðamálum, bókmenntum, sagnfræði, fornleifafræði og eins og ég nefndi nú síðast, þjóðfræði.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands um starf Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands frá árinu 2013 hefur reynst starfseminni gríðarlega mikilvægur. Ég vil þakka mennta- og menningarmálaráðherra sem og ráðuneytinu fyrir stuðning og skilning á mikilvægi starfsemi rannsóknasetrana um land allt. Viðræður um endurnýjun samningsins standa yfir og berum við nokkrar væntingar til þeirra. Í stefnu Stofnunar rannsóknasetra frá 2015 var eitt markmiðanna að fjölga föstu starfsfólki, sérstaklega á þeim rannsóknasetrum sem enn hafa einn fastan starfsmann, og vonandi verða stigin skref í þá átt á næsta ári.

Auk framlags hins opinbera í gegnum fyrrnefndan samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins leggur Háskóli Íslands starfsemi rannsóknasetrana til af fjárveitingu sinni. Eins og fundarmenn eflaust þekkja er Háskólinn að ganga í gegnum sársaukafullan niðurskurð en þó hefur tekist að standa vörð um starfsemi rannsóknasetrana. Sértekjur eru einnig verulegur hluti af heildartekjum stofnunar rannsóknasetra og er sérstaklega ánægjulegt að sjá erlendar sértekjur hennar aukast.

Til marks um þróun rannsóknasetra Háskólans eru nú að klárast eða eru í gangi á setrunum þrjú rannsóknaverkefni sem styrkt eru af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs. Nú síðast hlaut Ragnar Edvardsson, sérfræðingur við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, ásamt samstarfsfólki sínu, styrk til verkefnisins *“Allen die willen naa Island gaan”*, Verslun og hvalveiðar Hollendinga á Íslandi á 17. og 18. öld. Þar áður fékk Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum, styrk til verkefnisins *CodStory* ásamt samstarfsaðilum. Þá er Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, að ljúka rannsóknaverkefninu *Áhrif umhverfis og lýðfræði á farhætti fugla*, með samstarfsfólki sínu. Af

erlendum styrkjum má nefna að Marianne Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, er þátttakandi í öndvegisverkefninu Arcpath sem styrkt er af Nordforsk. Ég nefni þetta sem dæmi því árangur sjóðasóknar starfsfólks rannsóknasetranna er ekki sjálfgefinn. Hann er afrakstur áralangrar vinnu og einurðar við rannsóknir og skrif styrkumsókna í afar harðri innlendri og erlendri samkeppni. Ég óska því vísindafólki okkar hjartanlega til hamingju með þennan árangur. Styrkveitingarnar eru til marks um gæði rannsóknastarfs rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og þá möguleika sem í starfsemi þeirra búa.

Stuðningur einstakra sveitarfélaga er setrunum einnig mikilvægur og vil ég þakka bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, Skagastrandar, Hornafjarðar og Norðurbings fyrir þeirra velvilja og stuðning við rekstur rannsóknasetra Háskóla Íslands á hverjum stað. Þá vil ég einnig þakka bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs en með stuðningi sveitarfélagsins var sett á laggirnar rannsóknaverkefnið *Maður og náttúra*, 2015 sem vonir standa til að verði að varanlegri starfsemi á Austurlandi.

Kæru ársfundargestir,

Í nýrri stefnu Háskóla Íslands, Öflugur háskóli – farsælt samfélag, eru skilgreind markmið háskólans til næstu ára. Meðal markmiðanna er að efla starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og að starf þeirra verði betur samþætt við fræðasvið og deildir skólans. Ég veit að viðræður eru í gangi á milli Stofnunar rannsóknasetra og einstakra deilda skólans um þennan þátt og vona ég að þær klárast með góðri niðurstöðu á þessu ári.

Að mínu mati hafa rannsóknasetur Háskóla Íslands sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og sem mikilvægur þáttur í að auka tengsl háskólans víða um land. Með starfsemi rannsóknasetranna vill Háskóli Íslands leggja sitt af mörkum við þróun fjölbreytts atvinnulífs og mannlífs og tryggja að þekkingarsamfélög og

rannsóknastarf byggist upp um landið. Samstarf rannsóknasetranna við sveitarfélög, fyrirtæki, náttúrustofur, þekkingarsetur, aðra háskóla, aðrar stofnanir og einstaklinga er þeim afar mikilvægt og það er ánægjulegt að fulltrúar margra þessara aðila eru hér saman komnir í dag.

Mig langar að lokum að færa öllu starfsfólki Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar kærar þakkir fyrir þeirra góða starf á liðnu ári, um leið og ég óska ykkur alls hins besta á nýju starfsári.